

UMSÖGN

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins ásamt fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um móttöku vegna samgöngusáttmála

Á fundi forsætisnefndar 17. janúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins ásamt fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um móttöku vegna samgöngusáttmála:

Hverjir sóttu kvöldverð sem útsvarsgreiðendur greiddu fyrir rúma hálfu milljón þann 1. nóvember sl. í Höfða í tilefni af samgöngusáttmála? Hver tók ákvörðun um þessa móttöku?

Með bréfi dagsettu 20. janúar 2020 var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Við undirritun Samgöngusáttmála ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var ákveðið að kalla saman það fólk sem vann að verkefninu af hálfu ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. ráðherra, borgarstjóra, bæjarstjóra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem og það starfsfólk sveitarfélaganna sem kom að verkefninu.

Eftirfarandi aðilar sóttu kvöldverðinn auk borgarstjóra. Bæjarstjórar Kópavogs, Seltjarnarness, Garðabæjar, Hafnafjarðar og Mosfellsbæ sem og forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Þá voru oddvitar meirihlutans í Reykjavík ásamt formanni skipulags- og samgönguráðs. Einnig voru forstjóri Vegagerðarinnar, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og verkefnastjóri Borgarlínunnar. Starfsfólk ráðuneytanna voru átta talsins og starfsfólk sveitarfélaganna sem höfðu unnið að gerð sáttmálans voru átta talsins. Samtals voru gestir því 32.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Dagný Ingadóttir